

Skólaráðsfundur 11. febrúar 2013

Mættir: Drífa, Blær, Halldór, María Helen, Guðrún Soffía, María Á., Jóhanna, Ísak, Oddný, María J. fundarritari.

Guðrún Soffía fór yfir nemenda- og foreldraviðtöl. Kennarar voru ánægðir með þau. Rætt um nýtt námsmat en Vatnsendaskóli er kominn einna lengst af skólum í Kópavogi, í að móta nýtt námsmat. Foreldrar eru ánægðir með þetta fyrirkomulag og finnst það gefa meiri sýn í námsárangur hjá börnum sínum. Þeir telja þetta skýrara og myndrænna en það tekur þó einhvern tíma að aðlagast þessu fyrirkomulagi.

Guðrún Soffía ræddi um uppeldi til ábyrgðar sem skólinn er að innleiða. Það tekur 5 – 7 ár að innleiða þessa hugmyndafræði inn í skólann. Hér í Vatnsendaskóla munum við halda áfram með þessa vinnu. Guðrún Soffía fór yfir hugmyndafræði stefnunnar sem byggir á jákvæðri virðingu, vináttu og samskiptum. Stefnan fylgir því grunngildum Vatnsendaskóla. Hólmfríður deildarstjóri, sýndi brot úr mynd um uppbyggingastefnuna.

Önnur mál:

Spurt var um hvort skólinn gerði eineltisskýrslu og hvort hún væri þá aðgengileg fyrir foreldra. Námsráðgjafi skólans gerir alltaf skýrslu á vorin um þau mál sem koma til hennar yfir skólaárið. Ekki hefur verið gerð skýrsla um eineltismál eingöngu en skólinn mun útbúa svona skýrslu í lok skólaársins. Áhyggjur foreldra beindust að útvíst en skólinn setur meiri pening í þann lið en úthlutað er til skólans. Spurt var um tengslakannanir og eru þær gerðar a.m.k. einu sinni á ári og stundum oftari ef þarf. Skólapúlsinn er í 5. – 10. bekkjum og þar koma dýrmætar upplýsingar fram. Einnig kom fram hjá foreldrum að gott væri að fá fyrirlestur um einelti. Þorablót Vatnendabúa gaf skólanum 100.000 kr. sem nota á í forvarnastarf og er námsráðgjafi skólans að skoða í hvað þeir peningar munu fara. Foreldrar vilja að reglur um síma og ipoda verði skýrari. Það kom fram að í skólareglum er skýrt kveðið á um notkun síma.

Fyrirspurn um hávaðamælingar í kennslustofum. Ekki hafa slíkar mælingar verið framkvæmdar. Farið var yfir hvernig hægt væri að minnka hljóðmengun í matsal.

Rætt var um sturtur eftir íþróttir. Það er ekki hægt að skikka nemendur til að fara í sturtu því gæslan er ekki nóg. Kom fram að starfsmenn íþróttahúsanna eru ekki starfsmenn á vegum skólans. Rætt hefur verið við forstöðumann Kórsins og kom fram að ekki fæst mannskapur í þessi störf. Þarf að ræða þessi mál við Kópavogsbæ.

Fram kom að skólalóðin er mjög erfið, mikið um brekkur og mikill klaki búinn að vera í vetur. Erfitt að salta eða sandbera brekkurnar því þá verða þær ein drulla þegar hlánar.

Spurt um kynningu á námsefni á haustin. Það kom fram að allar upplýsingar koma til með að vera á netinu. Heimasíða skólans er ný og verið er að setja upplýsingar inn á hana. Ráðgert er að allar upplýsingar verði komnar inn í haust. Fundargerðir frá skólaráði eru settar á heimasíðu.

Fundi slitið kl. 9:30